

## FRÁ RITSTJÓRA / EDITOR'S COMMENT

Fyrir nær tíu árum var *Landabréfið* gert að ritrýndu tímariti sem uppfyllir fræðilegar kröfur um vinnslu greina og ritstýringu. Síðan hefur útgáfan haldist með svipuðu sniði. Birtur hefur verið fjöldi greina, eftir landfræðinga og aðra, um afar fjölbreytt efni. Með þessum 25. árgangi tímaritsins verða nokkrar breytingar á efni og útliti, sem miða að því að vinna ritinu traustari sess innanlands og í hinu alþjóðlega fræðasamfélagi.

Að þessu sinni er um þematengt hefti að ræða, þar sem allar greinar snúast um tiltekið viðfangsefni. Uppruni greinanna er ráðstefna um náttúrutengda ferðamennsku, sem haldin var í Reykjavík snemma á árinu 2011. Gert var samkomulag við ráðstefnuhaldara um útgáfu *Landabréfsins* í kjölfar ráðstefnunnar og tók dr. Gunnþóra Ólafsdóttir, landfræðingur og einn af skipuleggjendum, að sér að ritstýra heftinu. Höfundar greina í þessu hefti eru bæði íslenskir og alþjóðlegir fræðimenn, en allar greinar ritsins eru að þessu sinni á ensku. Titlar, ágríp og lykilorð eru hins vegar einnig á íslensku og áfram verður að sjálfsgöðu tekið við handritum á íslensku til birtingar í ritinu.

Samhliða útgáfu á pappír eru greinarnar í fyrsta sinn gerðar aðgengilegar á vef Félags landfræðinga. Þetta er ekki síst gert í þeirri vissu að mikið af efni *Landabréfsins* eigi erindi út fyrir landsteinana og er mikilvægt skref til að auka útbreiðslu ritsins og áhrif. En jafnframt hefur ytra útlit hins prentaða tímarits verið endurhannað. Væntir ritstjóri þess að kortið á forsíðunni gleðji hjörta íslenskra landfræðinga, sem flestum þykir vænt um hin fallegu og rúmlega aldargömlu kort danska herforingjaráðsins.

---

Almost a decade ago, *Landabréfið* – the Journal of the Association of Icelandic Geographers – was transformed into a refereed scholarly journal. The publication has been unchanged since. Diverse articles have been published, by geographers and other scholars. With this twenty-fifth volume of the journal, several changes are evident in both content and form, the aim being to secure the future of the journal as a vehicle for geographical scholarship, internationally as well as domestically.

This time round, the journal's content is centred on a certain theme. The articles originate from a conference on nature-based tourism, which was held in Reykjavík early in 2011. An agreement was made with the organisers of the conference about the publication of a special issue, and dr. Gunnthóra Ólafsdóttir, geographer and one of the organisers, took on the task of editing it. The authors are both Icelandic and non-Icelandic, but all articles in this special issue are written in English. Titles, abstracts and keywords are provided in Icelandic, however, and manuscripts written in Icelandic will of course be welcome in future issues.

Parallel to conventional, paper-based publication, the articles are for the first time made electronically accessible through the website of the Association of Icelandic Geographers. In part this is done because of our belief that much of the material published in the journal is of value for readers outside Iceland, and it is an important step for increasing the exposure and impact of the journal. But the paper version has also undergone a facelift by a professional designer. The editor expects Icelandic geographers to appreciate this move, fond as most of us are of the beautiful topographic maps that were crafted over a century ago.

*Karl Benediktsson*